

13. gr.

33

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, sem skemmdum valda. 15. marz

14. gr.

Á opinberum samkomum, sem haldnar eru í félagsheimilinu, má hvorki veita áfengi né neyta þess, Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta aðgangi að félagsheimilinu um tiltekin tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn félagsheimilisins og þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. marz 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

34

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

29. marz

Frá og með 30. marz 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 29. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

35

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928, sbr. auglýsingu frá 15. janúar 1951. 29. marz

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 20. gr. í lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928 orðist svo:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstofum og öldrykkjustöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00, nema í fylgd með full-orðnum, sem ber ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna, eftir að úti-vistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglíngarnir fái þar ekki aðgang né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.